

# LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 1. TBL. 22. ÁRG. 2016


VIÐTAL  
VIÐ ÓLÖFU NORDAL



FUNDUR UM  
ÓLÖGMÆTAR  
SÍMHLUSTANIR



8% KYNBUNDINN  
LAUNAMUNUR HJÁ  
FULLTRÚUM



## Af vettvangi félagsins

Þyrí Steingrímsdóttir:

Leiðari 4

Ingimar Ingimarsson

Tölfræði um félagsmenn LMFÍ 6

Reimar Pétursson

Pistill formanns 14

## Umfjöllun

Viðtal við Ólöfu Nordal:

Vil gjarnan skilja við þetta ráðuneyti með millidómstigið frágengið 10

Eyrún Ingadóttir:

8% kynbundinn launamunur hjá fulltrúum með hdl. réttindi 16

Eva Halldórsdóttir:

Tjáningarfrelsi lögmanna og matsmenn 20

Oddur Ástráðsson:

Ólögætar símhlustanir og bannregla leidd fram með gagnályktun 26

## Á léttum nótum

Af Merði lögmanni 22

Jólasnapsmót LMFÍ í innanhússknattspyrnu árið 2015 24

Lögmannafélag Íslands  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:  
Þyrí Steingrímsdóttir hrl.

RITNEFND:  
Eva Halldórsdóttir hdl.  
Guðríður Lára Þrastardóttir hdl.  
Haukur Örn Birgisson hrl.  
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMAÐUR:  
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:  
Reimar Pétursson hrl., formaður.  
Óttar Pálsson hrl., varaformaður.  
Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., ritari.  
Berglind Svavarsdóttir hrl., gjaldkeri.  
Árni Þór Þorbjörnsson hdl.,  
meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:  
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.  
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur.  
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.  
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.  
Dóra Berglind Torfadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:  
Ólöf Nordal innanríkisráðherra.  
Ljósmyndari: Ernir Eyjólfsson.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn  
kr. 2000,- + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:  
[thyri@acta.is](mailto:thyri@acta.is)

PRENTVINNSLA:  
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Öflun ehf.  
Sími 533 4440  
ISSN 1670-2689



## FLEIRI ÚTSELDIR TÍMAR


Manor fjölgar útseldum tímum hjá notendum sínum með nýrri aðferð við tímaskráningu sem sérsniðin er að þörfum íslenskra lögmannna. Aðferðin hefur slegið í gegn og notar mikill fjöldi lögmannna Manor á hverjum degi.

Hafðu samband ef þú vilt kynnst Manor.

Það er heitt á könnunni.

**MANOR**  
ADVANCED LEGAL SOFTWARE

546-8000 - [manor@manor.is](mailto:manor@manor.is) - [www.manor.is](http://www.manor.is)



## Jafnrétti og jólasveinar

SPORTPAKKI STÖÐVAR 2 var auglýstur um helgina. Heilsíða með mynd af hraustu afreksfólki í íþróttum og íþróttafréttafólki. 24 einstaklingar alls. Þar af voru 4 konur. Afar lýsandi mynd fyrir stöðu kynjanna í íþróttum en ekki síður um stöðu kynjanna þegar kemur að umfjöllun um íþróttir.

Í Bandaríkjunum sækjast nokkrir miðaldra karlar eftir útnefningu repúblikana til að verða forsetaefni flokksins og forystuna hefur Donald Trump með sinn rasíska boðskap. Hjá demókrötum sækir Sanders hart að Clinton sem m.a. sætir harðri gagnrýni fyrir að notfæra sér kynferði sitt eða „playing the gender card“ eins og það útleggst á ensku. Er þar verið að vísa til málefna sem Clinton hefur sett nokkuð á oddinn eins og launamun kynjanna og dagvistunarmál sem samfélagið virðist líta á sem kvennamál, en ekki baráttumál allra. Þá er henni legið á hálsi fyrir hið augljósa baráttumál að konur eigi að kjósa konur til forystu, enda konur líka menn og það eigi að velja hæfasta einstaklinginn.

Í þessu blaði og því næsta verður fjallað um niðurstöður könnunar sem Lögmannablaðið gerði meðal fulltrúa með hdl. réttindi á lögmannstofum. Í könnuninni var spurt um starfskjör vilt og breytt en jafnframt um líðan í starfi, afstöðu til stjórnunar á vinnustað, fjölbreytni verkefna o.fl., auk þess að spyrja um samþættingu vinnu og heimilis. Fram kemur að kynbundin launamunur er 8%. Meðaltalið hjá VR í síðustu könnun þeirra (árið 2015) er 9,9%. Þrátt fyrir að lögmannstofur virðist þannig standa sig betur en hinn almenni launamarkaður, er þessi munur óviðunandi. Í fleiri þáttum í niðurstöðu könnunarinnar er marktækur munur milli kynjanna og verður gerð nánari grein fyrir því í næsta blaði.

Það eru engin lög á Íslandi sem leyfa mismun vegna kynferðis. Engin. Þvert á móti eru fjölmörg pósitoif lagaákvæði sem beinlínis banna slíkt, meira að segja í stjórnarskránni. Ef löggjöfin væri skoðuð eingöngu væri hægt að lýsa því yfir að á Íslandi ríkti fullkomið jafnrétti kynjanna. Raunveruleikinn er hins vegar annar

í öllum samfélögum, bæði hér á landi og erlendis. Samfélagið virðir kynin ekki til jafns og sýnir það í verki eins og framangreind dæmi sanna.

Sama á við um jólasveina. Það eru engin lög til sem leyfa jólasveina eða leyfa okkur að plata börnin til hlýðni í tvær vikur á hverju ári. Ef bara væri horft á löggjöfina væru jólasveinar ekki til. En samfélagið leyfir þá og sýnir það í verki og þess vegna eru þeir til. Aldagömul hefð og skemmtileg tilbreyting sem innrætir börnum góð gildi – nú eða slæm ef horft er til þessara í sauðskinnskónum sem stálu og stríddu. Ég á bággt með að trúá því að samfélagið vilji skipta um skoðun á jólasveinum og muni vinna að því að snúa öllum gegn þeim eða leggja þá niður. Flestum ef ekki öllum myndi finnast það fátánleg hugmynd. En hvað með jafnréttið, getur samfélagið þá ekki heldur skipt um skoðun á því og sýnt í verki að við séum hætt að þola og leyfa mismunun? Er það jafn fjarlægt og fátánlegt eins og varðandi jólasveinana? Og ef svo er ekki, hvers vegna skiptum við þá ekki um skoðun?





## Varðveisla persónuupplýsinga >

EUROBAROMETER rannsókn 2015 um varðveislu persónuupplýsinga (e. Data Protection), sem gerð var fyrir Evrópusambandið, leiddi í ljós að:

- 15% Evrópubúa telja sig hafa fulla stjórn á upplýsingum sem þeir setja frá sér yfir netið, 31% finnst þeir enga stjórn hafa á upplýsingunum.
- 55% stendur ekki á sama um að fylgst sé með þeim í gegnum notkun greiðslukorta og farsíma.
- Nánast allir Evrópubúar segjast vilja fá að vita ef upplýsingar um þá tapast eða er stolið.
- 18% lesa yfirlýsingar þjónustuveitenda um persónuvernd.

*Ágrip úr skýrslu TNS Opinion & Social network, sem unnin var fyrir Evrópusambandið 2015*



Við vinnum eftir  
vottuðu gæðakerfi


Bæjarflöt 4  
112 Reykjavík

Sími: 568 9095  
[www.gagnaeyding.is](http://www.gagnaeyding.is)


**GAGNAEYÐING**

Örugg eyðing gagna


# Tölfræði um félagsmenn LMFÍ



Samsetning (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Fjölgun félagsmanna í LMFÍ á tímabilinu 2006-2016.



Skipting (%) kvenna í LMFÍ eftir því hvar þær starfa.

FÉLAGSMÖNNUM FJÖLGAR UM 2,5% á milli ára, konur eru 31,5% þeirra en voru 22,3% fyrir tíu árum. Þá eru 31% kvenna í félaginu sjálfstætt starfandi lögmenn á móti 53% karla og 28% kvenna eru fulltrúar á móti 18% karla. Ingimar Ingason rýndi í félagatalið.

## Félagsmönnum fjölgar um 2,5% milli ára

Í lok febrúar 2016 voru félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands 1084 talsins og hefur þeim fjölgað um 27 frá sama tíma árið 2015 eða um 2,5%. eru héraðsdómslögmenn 775 talsins og hæstaréttarlögmenn 309.

Alls eru 501 lögmenn, eða 46%, sjálfstætt starfandi og 231 lögmaður starfar sem fulltrúi sjálfstætt starfandi lögmanna en það er um 21% félagsmanna. Þá voru innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum 307 talsins, eða 29%. Af þessum 307 innanhússlögmönnum störfuðu 93 hjá ríki eða sveitarfélögum og 214 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmennsstörf sökum aldurs eða sjúkleika var 43 eða 4% af heildarfjölda félagsmanna.

## Konur í lögmennastétt

Alls eru 342 konur félagsmenn í Lögmannafélaginu sem svarar til 31,5% félagsmanna. Hefur þeim fjölgað hlutfallslega frá sama tíma árið 2015 þegar þær voru 319 talsins eða 30,2% félagsmanna. Konum í félaginu hefur fjölgað jafn og þétt á undanförunum





Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði.

\***Ríkulegur staðalbúnaður:** 7 girna PDK sjálfskipting með skiptingu í stýri, leður og Alcantara innrétting, rafdrifid okumannssæti, 18" álfelgur, Led dagljósabúnaður, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, fullkomið hljómkerti, sport aðgerðarstýri, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir (Cruise Control) o.m.fl. Sjá nánar á benni.is

## Við hættum ekki að leika okkur af því við verðum gömul. Við verðum gömul af því að við hættum að leika okkur.


Bílaframleiðandinn Porsche er þekktur fyrir marga af óviðjafnanlegustu sportbílum heimsins. Nú hefur meistara sportbíla tekist að sameina bestu eiginleika Porsche í nýjum bíl - **þetta er sportjeppinn Macan.**

### Porsche Macan S Diesel Verð frá 10.990.000 kr.\*


Porsche Macan S Diesel  
258 hestöfl | 580 Nm tog  
Hröðun 6.3 sek. 0-100 km/klst.




PORSCHE



Hlutfall karla og kvenna í LMFÍ 2006-2016.



Skipting (%) karla í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Hlutfall kynja í LMFÍ eftir aldri á árunum 2006-2016. Hlutfallslega flestir lögmenn eru á aldrinum 30-39 ára eða 34,2%. Hlutfall karla á þessum aldri er 29,1% og kvenna 45,3%. Á aldersbilinu 40-49 ára er 26,4% karla samanborið við 27,2% kvenna.

árum og til samanburðar má nefna að hlutfall þeirra var 22,3% fyrir tíu árum og 17,7% fyrir fimmtán árum. Má fastlega gera ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram sé horft til kynjahlutfalls í lagadeildum íslenskra háskóla og samsetningu þátttakenda á námskeiðum til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum.

Af þeim 342 konum sem í dag hafa virk málflutningsréttindi eru 47 með réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti en þær voru 41 á sama tíma árið 2015. Sjálfstætt starfandi konur í lögmennastétt eru 106 talsins og 97 konur starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 137 konur sem innanhússlögmenn, þar af 45 hjá ríki eða sveitarfélögum og 92 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Þá eru 2 konur hættar störfum.


## Karlar í lögmennastétt

Alls eru 742 karlar í Lögmennafélaginu, þar af 309 hæstaréttarlögmenn. Af þessum 742 körlum eru 395 sjálfstætt starfandi lögmenn og 134 eru fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Sem innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 170 karlar, þar af 48 hjá ríki eða sveitarfélögum og 122 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum. Þá eru 43 karlar hættir störfum.


## Aldur lögmanna

Athyglisvert er að skoða aldersdreifingu félagsmanna í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á síðustu tæpum tveimur áratugum bæði hvað varðar fjölgun félagsmanna almennt og ekki síður fjölgun kvenna í lögmennastétt. Þannig eru 710 þeirra 1086 sem eru félagsmenn í Lögmennafélaginu 49 ára





Grafið hér að ofan sýnir aldurdreifingu kvenna í félaginu eftir því hvar þær starfa.



Grafið hér að ofan sýnir aldurdreifingu karla í félaginu eftir því hvar þeir starfa.

og yngri eða 65,5%. Hlutfall kvenna í Lögmannafélaginu sem eru 49 ára og yngri er 80,4% á sama tíma og hlutfall karla í félaginu í sama aldurshópi er 58,6%.

Sé aldur dreifingin skoðuð út frá starfsvettvangi félagsmanna kemur í ljós töluverður munur. Þannig starfa 49% karla 49 ára og yngri sjálfstætt á móti 26% kvenna í sama aldurshópi. Mun minni munur er hins vegar á hlutfalli lögmanna í aldurshópnum 49 ára og yngri sem starfa sem fulltrúar á lögmannsstofum, þar sem 26% karla í þessum hópi er 49 ára og yngri samanborðið við 33% kvenna. Samsetningin breytist hins vegar verulega þegar hlutfall þeirra sem starfa sem innanhússlögmenn er skoðað en samkvæmt gagnagrunni Lögmannafélagsins starfa 26% þeirra karla sem eru 49 ára og yngri sem innanhússlögmenn samanborðið við 41% kvenna.

*Ingimar Ingason*



## ÖFLUG ALHLIÐA ÞJÓNUSTA

ADVEL lögmenn búa yfir viðtækri þekkingu, markvissri sérhæfingu og margra áratuga reynslu af lögfræðiráðgjöf. Á þeim tíma hefur stofan ráðlagt nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins, sveitarfélögum, opinberum aðilum og einstaklingum, auk vaxandi fjölda erlendra viðskiptavina.



**ADVEL**  
L Ö G M E N N

Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Íceland

(+354)520 2050  
advel@advel.is

advel.is

# .IS

skráðu þitt **.is** lén  
**www.isnic.is**

Viðtal við Ólöfu Nordal innanríkisráðherra:

# Vil gjarnan skilja við þetta ráðuneyti með millidómstigið frágengið



Ljósmynd: Ernir Eyjólfsson

ÓLÖF NORDAL INNANRÍKISRÁÐHERRA tók við annasömu embætti innanríkisráðherra 4. desember 2014. Mörg mikilvæg verkefni, sem eru á hennar borði þessa dagana, snúa að dóms- og réttarkerfinu og má þar til dæmis nefna frumvarp um millidómstig. Þyrí Steingrimsdóttir ritstjóri Lögmannsblaðsins ræddi við Ólöfu og byrjaði á því að spyrja hana um gamla dómsmálaráðuneytið.

## Meiri aðgreining heppilegri

*Á borði innanríkisráðuneytis eru málefni sem beyrðu áður undir dómsmálaráðuneytið. Margir sjá eftir því ráðuneyti og telja að málefni tengd dóms- og réttarkerfinu fái ekki nægilegt rými í sameinuðu ráðuneyti. Er þetta réttmæt gagnrýni?*

Ég var ekki hlynnt þessum breytingum þegar þær voru gerðar í þinginu á sínum tíma og hef þá skoðun að sjálfstætt dómsmálaráðuneyti sé skynsamlegt. Ég vil samt ekki ganga svo langt að segja að þessi málaflökkur sé á einhverjum hrakhólum hér í ráðuneytinu. Þvert á móti þá eru umfangsmikil mál á döfnni sem snúa að dómsmálum. Hins vegar eru verkefnin sem innanríkisráðuneytið fæst við ósamkynja, ef svo má segja, og það hefur að vissu leyti áhrif á störf ráðherra. Til dæmis er samgönguhlutinn gríðarlega fjárfrekur og svo er fjöldi verkefna varðandi ferðaiðnaðinn, svo ekki sé talað um útlendingamálin. Á sama tíma erum

við svo með þessar grunnstoðir sem áður féllu undir dómismálaráðuneytið og mér finnst að til lengri tíma litid sé heppilegra að hafa meiri aðgreiningu. Þetta eru umfangsmikil mál en þjóðfélagið verður að vera tilbúið til að fjárfesta í grunnstöðum. Ef við ætlum að reka hérna gott samfélag þá skipta þær ofboðslega miklu máli og það skiptir einnig máli að þær fái svólitid að vera í friði.

## Frumvarp um millidómstig tilbúið

*Þú nefndir mál á döfinni og ert þá væntanlega að vísa í millidómstigið. Hvar stendur það núna?*

Millidómstigið er eitt af þeim málum sem er tekið fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna. Nú erum við að sjá til lands og frumvarpið er tilbúið. Þetta er stórt og mikilvægt framfaramál sem er gott fyrir réttarkerfið í landinu. Ég bind miklar vonir við að vel takist til og vona einnig að það náist samkomulag á þinginu. Þetta er mál sem horfir langt inn í framtíðina.

*Gagnrýni hefur verið sett fram um frumvarpið og m.a. hefur LMFÍ skilað inn umsógn ásamt fleirum. Hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem þar komu fram?*

Við höfum tekið tillit til þeirra athugasemda sem okkur þótti vera til bóta. Við unnum frumvarpið í upphafi með mjög góðri nefnd undir forystu Kristínar Edwald hæstaréttarlögmanns. Okkur fannst síðan mikilvægt, til að framganga málsins yrði sem best, að hafa samráð við ýmsa aðila og það gekk vel. Nú er frumvarpið komið á það stig að Alþingi og allsherjarnefnd tekur það til meðhöndlunar á næstu dögum. Ég er mjög spennt fyrir þessu máli og hlakka til að fá að tala fyrir því á Alþingi. Ég myndi svo gjarnan vilja skilja við þetta ráðuneyti með millidómstigið frágengið.

*Ef lagasetningin gengur í gegn, hvænær tekur millidómstigið við?*

Frumvörpin miða við 1. janúar 2018. Það þarf að gefa rúman tíma fyrir undirbúning og ég legg því ekki áherslu á tiltekinn dag.

*Erum við að tala um gildistöku á 100 ára afmæli Hæstaréttar árið 2020?*

Nei, það er ekki svo langt að bíða. En árið 2018 verður mjög gott ár og mér fyndist gaman ef við Íslendingar gætum unnið að einhverju góðu framfaramáli, á hundrað ára afmæli fullveldisins.

## Reyndi á alla innviði eftir hrun

*Síðustu ár hefur dómskerfið verið fjársvelt og margir telja að meira fjármagn þurfi að koma inn í allt kerfið. Hvað segir þú um það?*

Við erum auðvitað að koma úr mjög erfiðu tímabili þar sem reyndi verulega á alla innviði í landinu og ekki síst á þessar grunnstoðir sem þurfa að vera í lagi. Við höfum verið að bæta í og ég veit að menn taka eftir því sem þegar hefur verið gert. Nú þegar hafa verið tekin stór skref með stofnun embættis héraðssaksóknara en þar með lauk ákveðinni vinnu er varðar sakamálaölgjöfina sem var samþykkt á Alþingi árið 2010. Skilningur fjárveitingavaldsins var mjög góður

hvað þetta varðar og við erum mjög ánægð með það.

*Erum við að sigla lyngnan sjó á ný?*

Það er að birta til og ég held að við sjálf höfum ekki gert okkur grein fyrir því hve miklum árangri íslenska þjóðin hefur náð eftir þetta mikla efnahagshrun. En það reynir hins vegar á agann og mér finnst það hafa verið erfiðast fyrir þjóðarsálina. Við höfum oft komið okkur í vandræði, í bjartsýni og agaleysi. Við erum ung þjóð og högum okkur oft í samræmi við það, erum unngæðisleg en það er líka hluti af sjarmanum.

## Mikilvægi minnihluta Alþingis

*Nú ert þú ráðherra sem situr ekki á Alþingi. Eiga ráðherrar kannski ekki að vera þingmenn?*

Margar tillögur hafa komið fram í þinginu í gegnum tíðina um að ráðherrar eigi ekki að sitja á Alþingi. Hugsunin hefur þá verið sú að eftir að ríkisstjórn tekur við og hefur valið sér ráðherra þá hætti þeir þingmennsku. Sjónarmið um þetta hafa verið þvert á flokka og línur. Ég hef verið þeirrar skoðunar að menn megi ekki gleyma mikilvægi minnihluta á Alþingi. Það má leiða að því líkum að þeir sem veljast til ráðherrasetu séu reyndir þingmenn og forystumenn sem eiga gott með allt „debat“ í þinginu. Ef að mikil ágreiningsmál eru uppi í þinginu,

Andri Árnason hrl.  
Edda Andradóttir hrl., LL.M.  
Finnur Magnússon hdl., LL.M.  
Halldór Jónsson hrl.  
Lárus L. Blöndal hrl.  
Sigurbjörn Magnússon hrl.  
Simon David Knight  
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.  
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

**juris**

Borgartúni 26  
IS 105 Reykjavík  
+354 580 4400  
www.juris.is



eins og við þekkjum að getur gerst, þá getur stjórnarandstaðan átt erfiðara með að fóta sig í andstöðu sinni því að stjórnarmeirihlutinn hefur þingmenn sína plús ráðherrana og minnihlutinn ætti þá jafnvel við ofurefli að etja. Ég hef áhyggjur af þessu valdahlutfalli og það er klárt mál að þetta myndi skekkja umræðuna.

Hinn kosturinn væri e.t.v. að ráðherrar veljist utan hóps þingmanna og muni þá ekki taka mikinn þátt í þingstörfum, en ég er ekki hrifin af því heldur. Það verður aldrei hægt að hefta málfrelsi ráðherra á þinginu en ekki síður finnst mér skipta miklu máli að kjósendur hafi með það að gera hverjir verði ráðherrar. Þetta er ekki venjulegt starf því ráðherrar eru trúnaðarmenn almennings.

## Alþingi þarf að gæta að sér við lagasetningu

*Í nýjum dómi Hæstaréttar virðist því slegið föstu að ákvæði laga um meðferð sakamála um endurupptökunefnd séu andstæð stjórnarskrá, þ.e. að ekki sé hægt að veita stjórn-sýslunefnd, sem heyrir undir framkvæmdavaldið, það blutverk að fella úr gildi úrlausnir dómstóla. Er áætlað að grípa til einhverra aðgerða varðandi störf endurupptökunefndar vegna þessarar niðurstöðu?*

Mér finnst óhjákvæmilegt að bregðast við dómnum með lagasetningu og á von á því að frumvarp komi fram á næstu vikum en ég get ekki tjáð mig að svo stöddu um efnislega þætti þess. Alþingi þarf að hafa frelsi til lagasetningar eins og því ber sem löggjafarsamkunda og grundvallarstofnun, en það er kannski gömul saga og ný að það þarf að gæta að sér.

## Skipun dómara

*Í svo til hvert skipti sem dómari er skipaður við Hæstarétt fer af stað umræða í samfélaginu um hvað eigi að liggja til grundvallar við skipan hans. Hvað á að þínu mati að liggja*



Ljósmynd: Ernir Eyjólfsson

*til grundvallar? Á dómastéttin að endurspeglar t.d. kynjasjónarmið?*

Auðvitað á ávallt að velja hæfasta einstaklinginn, það er ekki nokkur spurning. Það þarf þó að vera jafnvægi og við finnum það sjálf þegar kynin tala saman um tiltekin mál að þau koma með sitt hvora hluti að borðinu sem skipta verulega miklu máli. Konum hefur fjölgað mikið í lögfræðingastétt og þær eru að kveða sér meira hljóðs. Ég er sannfærð um að það muni skila sér í Hæstarétt. Mun fleiri konur eru núna dómara í héraðsdómi en áður og þessi þróun mun halda áfram.

Svo finnst mér vægast sagt skjóta skökku við að nefnd sem að hefur með skipan dómara að gera sé eingöngu skipuð öðru kyninu. Mér finnst það bara ekki hægt. Ráðuneytið hefur skrifað ótal bréf og farið fram á það að menn litu til kynjasjónarmiða við val í þessa nefnd en því hefur ekki

verið sinnt. Því munum við koma með frumvarp um breytingar á. Við eigum von á að drög að frumvarpinu verði sett í umsagnarferli innan tíðar og er það minn vilji að þær breytingar sem þar verða lagðar til taki strax gildi.

## Gjafsóknarmál

*Það hefur verið gagnrýnt að ekki sé nægilegt fjármagn sett í gjafsóknarmál og m.a. mega einstaklingar ekki hafa meira en tvær milljónir í árstekjur á meðan mörkin eru fimm milljónir í Danmörku. Hefur þú sem ráðherra hug á að beita þér í gjafsóknarmálum? Gjafsóknarmál eru í ákveðnu ferli og það er ekki stefnumarkandi ákvörðun í farvatninu vegna þeirra. Þetta er auðvitað eitt af þeim málum sem við þurfum að líta til en við erum með það stór mál í gangi í ráðuneytinu í augnablikinu sem ganga fyrir. Nú fer að stytast í þinglok og framundan er kosningavetur. Ég hugsa að*

áherslunar þá verði fyrst og fremst að halda áfram umbótastarfi í löggjöfinni með varfærnium en skynsamlegum hætti og ég efast um að við munum koma með byltingakenndari mál á slíkum vetri en þau sem við höfum þegar rætt um.

## Það á ekki að stimpla fólk út

*Nú ert þú í krabbameinsmeðferð, er erfitt að samræma erilsamt starf innanríkisráðberrna og veikindi?*

Þetta snýst mikið um forgangsroðun en ég hef gert ákveðnar breytingar á minni vinnu sem felst í því að ég hef dregið úr félagslega þættinum, en venjulega vil ég helst alltaf hafa fólk í kringum mig. Þetta hef ég gert bæði af því að það fylgir því álag að vera innan um fólk og svo er maður

í meiri sýkingarhættu. Ég nýt þess að vera heppin með samstarfsfólk hér í ráðuneytinu og hef mjög góðan stuðning í því sem ég er að gera hjá mínum kollegum. Ég einbeiti mér að þessum stóru málum sem við viljum koma í gegn og ég hef ekki orðið vör við það að fram að þessu hafi þessi alvarlegi sjúkdómur komið niður á mínum störfum.

Það er mikilvægt fyrir fólk sem er að glíma við sjúkdóma að það fái áfram að vera hluti af þjóðfélaginu eins og það hefur þrek til. Það á að gera fólk kleift að vinna, ef það hefur til þess þrek og vilja, og ekki stimpla það út.

Veikindum sem þessum fylgir því að maður verður var við dauðleikann og hættir að hafa svo miklar áhyggjur.

Hlutir hafa lag á því að leysast og ég hugsa mikið til Birtings hans Voltaire þessa dagana. Og það skiptir máli fyrir stjórnámálamenn að tileinka sér æðruleysi. Ég lít á stjórnmalastarfið sem tímabil en örlög manns eru ekki alltaf alveg í manns hendi.

*Að lokum, ætlar þú að bjóða þig fram við næstu alþingiskosningar?*

Já það ætla ég að gera. Maður veit svosem aldrei hvað verður í framtíðinni en eins og staðan er núna þá er það ásetningur minn. Svo verður bara koma í ljós hvað kjósendur segja.

*ÞS og EI*



## ÞÚ ÁTT GOTT SKILIÐ

- 1/3 í séreign sem þú getur tekið út 60 ára
- Val um 6 ávöxtunarleidir
- Eingöngu sjóðfélagar í stjórn
- Besti lífeyrissjóður í Evrópu í löndum með færri en milljón íbúa samkvæmt fagtímaritinu IPE

**Veldu Almenna lífeyrissjóðinn**

REIMAR PÉTURSSON HRL.



## Sjálfstæði og ábyrgð

SJÁLFASTÆÐI LÖGMANNA ER mikilvæg vernd almennings fyrir ofríki. Í alþjóðlegum samþykktum um störf lögmanna er gjarnan hnykkt á þessu og lögð áhersla á að félög þeirra stýri sér sjálf og setji lögmönnum siðareglur án afskipta valdhafa.

Hér á landi hefur sjálfstæði lögmanna og Lögmannafélags Íslands í meginráttum verið tryggt með ákvæðum laga nr. 77/1998 um lögmenn. Þar er Lögmannafélagi Íslands veitt heimild til að setja siðareglur fyrir lögmenn og lögin mæla fyrir um sjálfstæða úrskurðarnefnd. Þetta fyrirkomulag hefur reynst farsælt þótt vitaskuld megi lagfæra sum atriði þess.

Verkefnastaða lögmanna hefur verið þrýðileg og þrátt fyrir mikla fjölgun í stétt lögmanna hafa kvartanir undan störfum þeirra ekki aukist í sama hlutfalli. Tekjur lögmanna virðast því almennt standa undir vönduðum vinnubrögðum.

Óvíst er hvort þetta ástand muni vara. Málaflóðið í kjölfar bankahrunsins er að fjara út, þótt enn eimi eftir af því. Atvinnuleysi meðal lögfræðinga hefur aukist og minnk-

andi viðleitni nýútskrifaðra að afla sér lögmansréttinda sýnir að verkefnastaðan kann að versna. Því er fyrirséð að tekjur lögmanna dragist saman og samkeppnin um brauðið verði harðari.

Ástæðulaust er að kvarta yfir aukinni samkeppni. Hún getur leitt til þess að lögmenn veiti betri þjónustu með hagkvæmari aðferðum en áður hafa tíðkast. Samkeppninni geta þó fylgt slæmir fylgifyiskar. Lögmenn, sem standa höllum fæti, kunna t.d. að freistast til að beita óheiðarlegum meðulum í samkeppni eins og að etja viðskiptavinum út í málaferli að ósekju, að beita óheiðarlegum aðferðum til að verða sér úti um verkefni og jafnvel að veita atbeina til óheiðarlegra verka í andstöðu við siðareglur.

Því miður hefur orðið vart við auknar umkvartanir um háttsemi af þessum toga sem hafa ýmist borist stjórninni formlega eða með öðrum hætti. Málum hjá úrskurðarnefndinni hefur einnig fjölgað. Þetta er áhyggjuefni því samkeppni lögmanna má ekki fara fram á forsendum siðferðislegra undirboða.

Sumir myndu að vísu segja: Sé þetta

raunin þá komi það Lögmannafélaginu ekki við. Viðskiptavinir lögmanna verði einfaldlega að bera ábyrgð á sínu vali á lögmanni sjálfir.

Þetta sjónarmið stenst ekki. Láti Lögmannafélagið siðferðisleg undirboð félagsmanna óátalin stofnar slíkt sjálfstæði félagsins í hættu. Forsenda sjálfstæðisins er nefnilega sú að félagið rísi undir þeirri ábyrgð að hafa eftirlit með félagsmönnum. Síðan verður að hafa hugfast að lögmenn bera siðferðislegar skyldur gagnvart dómstólum, félaginu og almennungi öllum. Félagið getur ekki látið brot á slíkum skyldum óátalin þótt viðskiptavinir einstakra lögmanna kvarti ekki og njóti jafnvel góðs af slíkum brotum.

Standi félagið ekki undir þessari ábyrgð sinni má heita fullvíst að ríkisvaldið, fyrr eða síðar, skerði sjálfstæði félagsins og taki upp á sínum eigin forsendum eftirlit með félagsmönnum. Félagsmenn hljóta að vilja koma í veg fyrir þetta. Félagið verður því að halda uppi viðeigandi eftirliti og þeir tímar sem nú ganga í garð kalla sérstaklega á slíkt.



H7



kr. 72.000

H2



kr. 33.000

H6



kr. 66.000

A9



kr. 365.000

BEOLIT 15 | A2



BEOLIT 15: kr. 85.000  
A2: kr. 62.000

TÆR OG EINSTAKUR HLJÓMUR

BANG & OLUFSEN

**ORMSSON**


Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800




# 8% kynbundinn launamunur hjá fulltrúum með hdl. réttindi

LAUNAMUNUR MILLI KARLA og kvenna í starfi fulltrúa á lögmannsstofum er 8% en karlar eru að meðaltali með 60 þúsund króna hærrí mánaðarlaun en konur. Þessi munur verður ekki skýrður með því að konur vinni færri stundir en karlar og heldur ekki með því að karlar hafi lengri starfsreynslu. *Lögmannaþingið* gerði könnun meðal fulltrúa á lögmannsstofum dagana 9.-23. febrúar sl. Í þessu tölublaði verða laun fulltrúa til umfjöllunar en síðar munu aðrir þættir könnunarinnar verða birtir.<sup>1</sup>

## Mánaðarlaun fulltrúa



## Starfsaldur og laun



### Helmingur með yfir 700 þúsund krónur á mánuði

Fulltrúar voru spurðir út í heildar-mánaðarlaun og fengust svör hjá 124 einstaklingum. Þar kemur fram að 18% (23 af 124) fulltrúa eru með yfir 900 þúsund krónur, 4% (5 af 124) með 801-900 þúsund krónur og 30% (37 af 124) eru með laun á bilinu 701-800 þúsund krónur. Þá eru 19% (24 af 124) með 601-700 þúsund krónur og 21% (26 af 124) með á bilinu 501-600 þúsund krónur. Helmingur fulltrúa eru því með laun yfir 700 þúsund krónum á mánuði.

### Starfsaldur og laun

Talsverð fylgni er á milli starfsaldurs og launa hjá fulltrúum. Í hópi þeirra sem eru með innan við þriggja ára starfsaldur hefur rúmum helmingur (26 af 51) 600 þúsund krónur eða meira í laun á mánuði og af þeim hafa 6% (3 af 51) yfir 900 þúsund krónur. Í hópi þeirra fulltrúa sem eru með 3-5 ára starfsaldur eru 81% (30 af 37) með yfir 600 þúsund krónur í mánaðarlaun og 11% eru með yfir 900 þúsund krónur. Helmingur (11 af 22) fulltrúa sem eru með 6-10 ára starfsreynslu eru með laun yfir 800 þúsund krónur og 58% (7 af 12) þeirra sem eru með meira en


11 ára starfsreynslu eru með laun yfir 900 þúsund krónur á mánuði.

### Konur með lægri laun

Að gefnum þeim forsendum að meðallaun þeirra sem eru milli 301-400 þúsund krónur í mánaðarlaun séu 350 þúsund krónur o.s.frv. þá kemur í ljós að karlar eru með að meðaltali 737 þúsund krónur í mánaðarlaun á meðan konur eru með 677 þúsund krónur og er kynbundinn launamunur því 60 þúsund krónur eða 8%. Þess má geta að í síðustu launakönnun VR árið 2015 mældist kynbundinn launamunur 9,9% í heildina en meðal

<sup>1</sup>Könnunin var send til allra lögmannna sem skráðir eru sem fulltrúar á lögmannsstofum, alls 226 manns. Könnunin nær hins vegar ekki til þeirra löglærðu starfsmanna sem ekki eru með lögmannsréttindi. Svarhlutfall í könnuninni var 61%.

## Laun miðað við starfsreynslu



Ef miðað er við að meðallaun þeirra sem eru með milli 301-400 þúsund krónur í mánaðarlaun séu 350 þúsund o.s.frv. kemur í ljós talsverður launamunur á milli kvenna og karla.

háskólamenntaðra starfsmanna var launamunurinn 8,4%.<sup>2</sup>

### Starfsreynsla og vinnutími ekki skýringin

Þegar svo mikill launamunur er í könnunum er reynt að finna líklegar skýringar, til dæmis að konur vinni minna en karlar eða að þær séu með styttri starfsreynslu. Með því að skoða þessa þætti sérstaklega, að gefnum þeim forsendum að meðallaun séu 350 þúsund o.s.frv., kemur í ljós að minnstur munur meðallauna milli kynja er í þeim hópi sem er með innan við þriggja ára starfsreynslu, eða 5,7%, og mestur munur milli karla og kvenna sem eru með sex til tíu ára starfsreynslu, eða 11,5%. Vísendingar eru um að fleiri karlar en konur í hópi þeirra sem eru með sex til tíu ára starfsreynslu vinni meira en 50 tíma á viku og sömuleiðis vinni minna en 40 tíma á viku. Sé hins vegar skoðað hverjir vinni meira en 41 tíma á viku kemur í ljós að 92% (12 af 13) kvenna og 87% (13 af 15) karla falla í þann flokk.

Athyglisvert er að alls 16% kvenna og 19% karla vinna innan við 40 tíma á viku. Þá vinna 22% karla meira en 50 tíma á viku á móti 12% kvenna svo það getur aðeins að litlu leyti skýrt launamuninn. 16% (22 af 138) fulltrúa vinna meira en 50 tíma á viku að jafnaði, 67% (93 af 138) vinna 41-50 tíma á viku og 12% (5 af 138) vinna 31-40 tíma á viku.

### Fleiri karlar sáttir við laun sín

Fjórir af hverjum tíu fulltrúum (55 af 138) eru sáttir við kjör sín en fimm af hverjum tíu (62 af 138) eru ósáttir. Þess má geta að fleiri karlar eru sáttir, eða 44% (31 af 71) á móti 36% (24 af 67) kvenna.

### Nokkrar niðurstöður um laun, konur og karla

- 40% (56 af 138) fulltrúa fá greitt fyrir unna yfirvinnu á meðan 39% (54 af 138) fá það ekki. Mun algengara að karlar fái greidda yfirvinnu en konur, eða 46% karla (33 af 71) á móti 34% (23 af 67) kvenna.
- 77% (106 af 138) fá greidda des-

beruppbót en einungis 48% (66 af 138) fá greidda orlofsuppbót. Svipað hlutfall er hjá báðum kynjum.

- 49% (68 af 138) fá árangurstengdar greiðslur (bónus), þar af eru þær talsvert algengari hjá körlum en konum, eða 55% (39 af 71) á móti 43% (29 af 67). 31% (43 af 138) fulltrúa fá ekki bónusgreiðslur.
- 17% (23 af 138) fulltrúa fá skerðingu á yfirvinnu/bónusgreiðslu við veikindi sín og barna sinna.
- Þá fær 31% (43 af 138) yfirvinnu/bónusgreiðslur óháð því hvort lögmannsstofan fái greitt fyrir þá tíma sem fulltrúinn vinnur.
- Alls 74% (102 af 138) fulltrúa eru með skriflegan ráðningarsamning, 34% (47 af 138) hafa skrifað undir ákvæði um launaleynd og 23% (32 af 138) fara árlega í launaviðtal.

### Aldur og kyn

Þeir sem tóku þátt í könnuninni voru flestir undir fertugu, eða 86% (118 af 137) en samkvæmt félagatali LMFÍ eru 77% fulltrúa á þeim aldri. 5% (7 af 137) voru 40-49 ára gamlir en samkvæmt félagatali LMFÍ eru 10%


<sup>2</sup>Sjá nánar: <http://vr.is/kannanir/launakonnun-2015/launamunur-kynjanna/>



fulltrúa á þeim aldri. 7% (9 af 137) fulltrúa voru á aldrinum 50-59 ára sem er sama hlutfall og í félagatali LMFÍ. 2% (3 af 137) voru 60 ára eða eldri en samkvæmt félagatali eru 7% fulltrúa á þeim aldri.

Þá tók svipaður fjöldi karla og kvenna þátt í könnuninni en 51% (71 af 138) fulltrúa voru karlar og 49% (67 af 138) konur. Samkvæmt félagatali LMFÍ eru sex af hverjum tíu fulltrúum karlar og því hlutfallslega mun fleiri konur í LMFÍ sem tóku þátt.

## Vinnutími kvenna og karla á viku



# Lögmansskikkjur hjá héraðsdómstólum

UM LANGT ÁRABIL hefur Lögmannafélag Íslands haft nokkrar málflutnings-skikkjur aðgengilegar hjá stærstu héraðsdómstólunum og eru þær hugsaðar fyrir þá lögmenn sem ýmist eiga ekki slíkar skikkjur eða hafa gleymt að taka þær með sér í dóminn.

Nýlega ákvað stjórn félagsins að þessar skikkjur verði ekki endurnýjaðar í framtíðinni, heldur verði

þeir lögmenn sem sinna málflutningi sjálfir að verða sér úti um þennan einkennisklæðnað.

Þeir lögmenn sem ekki eiga eða ekki hafa aðgang að málflutnings-skikkjum þurfa þó ekki að hafa áhyggjur af skikkjuskorti á næstu mánuðum eða misserum þar sem búast má við að þær skikkjur sem til eru dugi einhver ár til viðbótar. Þeir

hinir sömu eru þó hvattir til að huga að kaupum á skikkjum hið fyrsta þannig að ekki skapist vandamál þegar nær dregur endalokum líftíma flíkanna.

II



## Mörkin lögmansstofa hf.

Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík

Gestur Jónsson hrl.  
 Gunnar Jónsson hrl.  
 Hörður Felix Harðarson hrl.  
 Einar Þór Sverrisson hrl.  
 Gísli Guðni Hall hrl.  
 Geir Gestsson hrl.  
 Almar Þór Möller hdl.  
 Hilmar Gunnarsson hdl.  
 Ragnar Halldór Hall hrl.

Fulltrúar:

Anna Þórdís Rafnsdóttir hdl.  
 Árni Gestsson hdl.  
 Hildur Leifsdóttir hdl.  
 Linda Ramdani lögfr.  
 Védís Eva Guðmundsdóttir lögfr.

Sími 414 4100 · Fax 414 4101

[www.law.is](http://www.law.is)

## Fjarfundabúnaður

Lögmönnum landsbyggðar býðst nú að sækja námskeið LMFÍ með fjarfundabúnaði. Nokkur reynsla er komin á hugbúnaðinn sem LMFÍ notast við, Zoom.us, og hafa þátttakendur verið ánægðir með hljóð- og myndgæði.

# Taktu forskot á framtíðina.

Glænýr Audi Q7 með byltingarkenndum  
stjórnbúnaði. Stöðug framför,  
stöðugur árangur.



Nýr og tilkomumikill Audi Q7 quattro® er einstakur hvað varðar  
aksturseginnleika og upplýsingakerfi ásamt því að vera í fremstu  
röð þegar kemur að aðstoðarkerfum fyrir ökumann.

**Verð frá kr. 10.990.000**

# Tjáningarfrelsi lögmanna og matsmenn

HÉR VERÐUR TEKIN til umfjöllunar niðurstaða úrskurðarnefndar lögmanna í máli nr. 16/2015. Í málinu reyndi á það hversu langt lögmönnum er heimilt að ganga í orðræðu sinni gagnvart utanaðkomandi matsaðilum til verndar umbjóðendum sínum, þ.e.a.s. hvort að sá sem ræður sér lögmann til að tala máli sínu þurfi að sæta því að lögmaðurinn sé rígbundinn af siðareglum þegar kemur að því að tjá sig um málefni viðkomandi í ræðu og riti.

## Málsatvik

Kvartað hafði verið yfir því að starfsmaður í skóla í Reykjavík, Anna, hefði lagt samstarfsmann sinn í einelti. Kærendur málsins, sálfræðingarnir Harpa og Kristinn, voru fengnir til að rannsaka málið. Ræddu þau við kvartandann, Önnu sjálfa og ónafngreint samstarfsfólk þeirra.

Að rannsókn lokinni skiluðu sálfræðingarnir skýrslu þar sem tekin var afstaða til þess hvort tiltekin atvik, sem kvartað hafði verið yfir, féllu undir skilgreininguna á einelti og taldist meirihluti atvikanna hluti af eineltismynstri. Í kjölfarið gerði skólustjóri alvarlegar athugasemdir við framkomu Önnu, eins og henni hafði verið lýst í skýrslunni.

Anna leitaði þá til Loka hæstaréttarlögmans. Sendi hann tvö erindi til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og gerði m.a. athuga-

semdir við vinnubrögð sálfræðinganna. Var innihald annars bréfsins sakarefni málsins sem var borið undir siðanefndina.

## Víðáttuvitleysa og nornaveiðar

Í erindinu lét Loki hrl. hafa eftir sér að skilgreining kærenda á hugtakinu einelti væri „röng og í raun víðáttuvitlaus“. Taldi hann ámælisvert að Reykjavíkurborg skyldi hafa valið til verksins sálfræðinga sem kynnu „jafnlítið til verka“ þegar kæmi að skilgreiningu á hugtakinu samkvæmt vinnurétti.

Lögmaðurinn gerði einnig alvarlegar athugasemdir við vinnulag þeirra Hörpu og Kristins, sem hann kvað sambærilegt þeim rannsóknaraðferðum sem notaðar voru við nornaveiðar á 17. og 18. öld og á tímum McCarthy í Bandaríkjunum. Þau hefðu talað við samstarfsfólk Önnu án þess að upplýsa um nöfn þeirra og því hefði hún ekki fengið upplýsingar um hver „leynivitnin“ væru eða hvað þau hefðu borið um. Hefði skýrslan þannig borið yfirbragð fréttu „af skyggnilýsingarfundi“. Þau hafi síðan virst telja sig hafa „yfirskilvitlegar gáfur“ til að geta greint sannleikann byggðan á þessum „ómögulegu rannsóknaraðferðum“. Þannig hefðu þau sýnt í orði og verki að þau kynnu ekkert fyrir sér í að upplýsa atvik í svona máli.

## Ásakanir um brot gegn siðareglum

Þau Harpa og Kristinn kvörtuðu til úrskurðarnefndar lögmanna og gerðu kröfu um að úrskurðað yrði að brotið hefði verið gegn 2., 5., 8. og 34. gr. siðareglna, að Loki hrl. yrði nafngreindur í úrskurðinum og að hann yrði áminntur.

Byggðu þau kröfur sínar á því að Loki hrl. hefði farið fram með rangfærslur, ýkjur og tilhæfulausar staðhæfingar sem ekki væru hæfandi lögmanni. Orðræða hans hafi verið ófagleg og meiðandi í garð þeirra sem sérfræðinga og vegið alvarlega að starfsheiðri þeirra. Hann hefði gengið allt of langt í ummælum sínum, sem hefðu verið óvægin og ómálefnaleg og ekki í eðlilegum tengslum við hlutverk lögmans í stjórnslumáli.

Sálfræðingarnir töldu orðaval lögmansins hafa verið fram úr hófi og að ýkjukenndar og grófar lýsingar hans hefðu farið gegn skyldu hans til að sýna þeim, sem gagnaðilum, virðingu í ræðu og riti.

## Tjáningarfrelsi lögmanna

Loki hrl. mótmælti öllum kröfum kærenda og féllst ekki á að athafnir hans hefðu brotið gegn siðareglum lögmanna. Hann benti einnig á að tjáningarfrelsi lögmanna væri varið af 73. gr. stjórnarskrárinnar og að innan þess félli tjáningaform og ritstíll. Takmörkun á tjáningarfrelsi yrði eingöngu viðhöfð með skýrri



lagaheimild og þó siðareglurnar ættu sér sannarlega lagastoð væru þær ekki birtar í stjórnartíðindum og uppfylltu því ekki skilyrði til þess að takmarka frelsi hans til tjáningar.

Loki hrl. lagði áherslu á þá alvarlegu stöðu sem Anna hefði verið í vegna athafna borgaryfirvalda, en umrædd skýrsla Hörpu og Kristins hefði vofað yfir mannorði hennar og framtíð og haft áhrif á heilsu hennar. Hefði það kallað á mjög kröftug andmæli.

Þá teldi Loki hrl. að brýnir þjóðfélagslegir hagsmunir stæðu til þess að unnt væri að ræða um áreiðanleika og vinnubrögð sálfræðinga í ljósi þess hversu mikilvægar ákvarðanir væru oft byggðar á rannsóknum þeirra og ályktunum.

Loki hrl. kvaðst standa við að skilgreining sálfræðinganna á einelti væri víðáttuvitlaus. Hann upplýsti einnig að með tilvísun í nornaveiðar hefði hann átt við athafnir sem væru fallnar til þess að menn yrðu taldir sekir um eitthvað sem þeir ekki gerðu og að vinnubrögð sálfræðinganna hafi ekki stuðst við aðferðafræði sálfræðinnar né viðurkenndar aðferðir við sönnunarfærslu. Þá hefðu svo litlar staðreyndir legið fyrir við mat þeirra á málinu að útilokað hefði verið fyrir þau að álykta um einelti nema með beitingu fjörugs ímyndunarafls eða með yfirskilvitlegum gáfum.

## Harkaleg gagnrýni ekki brot gegn siðareglum

Siðanefndin taldi að ákvæði I. kafla siðareglanna um góða lögmannshætti almennt kæmu fyrst og fremst til greina í málinu. Nefndin tiltók sérstaklega að lög um lögmann og siðareglur veittu henni fullnægjandi lagagrundvöll til að gera athugasemdir við framgöngu Loka hrl. eða til að minna hann á skyldur sínar og að með slíkum athugasemdum væri tjáningarfrelsi lögmannsins ekki settar skorður.

Siðanefnd féllst á að rétt væri að meta orð Loka hrl. í því samhengi sem þau hefðu verið sett fram. Sálfræðingarnir Harpa og Kristinn yrðu

að sæta því að rannsóknaraðferðir þeirra sættu harkalegri gagnrýni og andmælum. Þá væri eðlilegt að lögmaðurinn brygðist við af festu fyrir hönd umbjóðanda síns.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að Loki hrl. hefði gengið mjög langt í orðavali, sem á köflum væri miður smekklegt og lögmönnum ekki til eftirbreytni, þá yrði vart talið, með hliðsjón af samhenginu sem ummæli voru sett fram í, að hann hefði gengið svo langt að heiður lögmannsstéttarinnar hafi beðið hnekki, sbr. 2. gr. siðareglanna. Orðaval hans hefði heldur ekki falið í sér fullyrðingar sem Loki hrl. hefði mátt vita að væru beinlínis ósannar, sbr. 1. gr. reglnanna. Önnur ákvæði voru ekki talin eiga við.

Pannig taldi nefndin að hafna bæri því að beita Loka hrl. viðurlögum samkvæmt lögum um lögmann.

## Hvaða ákvæði siðareglna ná til samskipta lögmannna við matsaðila?

Siðanefndin taldi að ákvæði er litu að skyldum lögmanns við umbjóðanda sinn gætu ekki komið til greina í málinu. Þá næði ákvæði V. kafla reglnanna ekki til sálfræðinganna, en þar kemur fram í 34. gr. að lögmaður

skuli sýna gagnaðilum umbjóðenda sinna fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu og þá tillitssemi sem samrýmanleg sé hagsmunum umbjóðendanna.

Siðanefndin tiltók að ákvæði V. kafla gætu bæði náð til samstarfsmanns Önnu, sem kvartaði undan framgangi hennar, og borgaryfirvalda. Hins vegar taldi siðanefndin að þótt sálfræðingarnir hefðu verið fengnir af Reykjavíkurborg til að aðstoða við úrlausn málsins, væri ekki unnt að líta á þau sem gagnaðila í skilningi siðareglanna „frekar en aðra þá sem fengnir [væru] til matsstarfa af ýmsu tagi á vegum gagnaðila“.

Má draga af þessu þá ályktun að lögmönnum sé veitt talsvert svigrúm til gagnrýni á verk og aðferðir matsmanna almennt til þess að vernda hagsmuni umbjóðenda sinna – svigrúm sem takmarkist fyrst og fremst af ákvæðum I. kafla siðareglanna – enda nái ákvæði V. kafla reglnanna, um skyldu gagnvart gagnaðila, ekki til slíkra aðila.

*Eva Halldórsdóttir bdl.*

Nöfn málsaðila eru uppdiktuð af höfundi, enda eru úrskurðir Úrskurðarnefndar lögmannna ætíð nafnlausir.

## Skatta- og lögfræðisvið

 Milliverðlagning

 Félagaréttur

 Alþjóðlegur skattaréttur

 Skattaráðgjöf

 Áreiðanleikakannanir

 Mannauður í alþjóðlegu umhverfi



 Virðisaukaskattur

[www.pwc.is](http://www.pwc.is)



# Af Merði lögmanni

Árið hafði farið þunglega af stað hjá Merði. Vonbrigðin yfir árangri handboltalandsliðsins sátu í honum, að ógleymdu Borgunarmálinu sem hann hafði eytt ófáum tímum í að reyta hár sitt yfir – var enn eitt góðærið í uppsiglingu þar sem hann fengi ekki að kaupa bestu bitana á tombólverði?

Skjólstæðingar Marðar voru vanir því að þurfa að biða með að fá svör, enda hlýða lögmál hins júrídíska þankagangs ekki stimpilkluðum eða tímastjórnunarátunum. En nú bar svo við að jafnvel hans traustasti kunnahópur var farinn að ókyrrast og lenga eftir svörum. Mörður ákvað því að grípa til sinna ráða og gera nokkuð sem hann hélt að hann myndi aldrei gera aftur, þ.e. að ráða fulltrúa.

Hann auglýsti í helstu miðlum landsins, Lögbirtingarblaðinu, Bændablaðinu og Feyki – héraðsfréttablaði Norðurlands vestra og óskaði eftir vöskum starfskrafti, helst ekki á barneignaraldri. Mikill fjöldi umsókna barst. Mörður reyndi að fara í gegnum þessa bunka eins og hann gat en hafði varla við, slíkur var fjöldinn og þurfti hann fljótlega að taka upp kerfi við að flokka umsóknirnar og bjó til tvo stafla. Í öðrum staflanum voru umsækjendur sem Mörður hafði rökstuddan grun um að væru af Framsóknarættum og í hinum voru umsækjendur sem buðust til að vinna frítt. Þetta var kærkomin breyting að mati Marðar en síðast þegar hann auglýsti eftir fulltrúa hljóðuðu hógværustu launakröfurnar upp á þreföld mánaðarlaun hans sjálfs, þótt það fylgdi með í kaupunum að viðkomandi gæti reyndar aldrei unnið lengur en til klukkan tvö á daginn.

Tvær umsóknir stóðu þó upp úr. Önnur var frá ungum laganema sem bauðst ekki bara til þess að vinna lögfræðistörf launalaust hjá Merði heldur einnig að sjá um að þrifa heima hjá honum og elda ofan í hann staðgóðan kvöldverð að minnsta kosti þrisvar í viku. Hin var frá útskrifuðum lögfræðingi sem bauðst til að greiða Merði eina milljón króna, gullúr og nýlegan örbylgjuofn ef hann væri tilbúinn að ráða hann í vinnu.

Mörður hallaði sér makindalega aftur og lofsöng í huganum samkeppnina. Þeir skyldu þó aldrei hafa haft rétt fyrir sér þessir smjörtsleiktu andskotar með frelsistalið í Sjálfstæðisflokknum?

Hann sló til og ákvað að ráða báða. Í starfsviðtalinu við þann fyrri útlistaði Mörður í löngu máli hvernig hann vildi fá kvöldmatinn eldaðan og matseðil vikunnar, svikinn héra á mánuðögum, kótilettur í raspí á miðvikudögum og soðið súpukjöt á föstudögum og helst eitthvað með því. Seinna viðtalið fór að mestu í að telja milljónina og máta gullúrið, en það var reyndar svolítið þröngt þannig að fyrsta verkefni fulltrúans var að fara og láta víkka það.

Þetta fór vel af stað. Fulltrúarnir unnu nótt sem nýtan dag. Mörður byrjaði á að láta þá klára elstu málin en það þá reyndar til öryggis um að kanna, án þess að mikið bæri á, hvort umbjóðendurnir væru örugglega enn á lífi. Svo unnu þeir sig hratt og örugglega niður bunkana sem höfðu í gegnum árin staflast upp. Þótt Mörður hefði verið alinn upp við aðáun á íslenskum vinnugildum, þ.e. dyggðina að vinna sem lengst í einu og við sem verstar aðstæður, óháð afköstum og skilvirkni, þá var jafnvel honum farið að þykja nóg um dugnaðinn enda sváfu fulltrúarnir á gólfinu og notuðu gamlar skjalamöppur sem kotta. Á tólfta degi það Mörður því fulltrúana um að staldra aðeins við og spurði hvort þeir vildu ekki ná að kíkja aðeins heim til sín, kannski fara í sturtu og hitta fjölskyldur sínar. Fulltrúarnir horfðu í forundran á Mörð, eins og hann væri að leggja fyrir þá gildru og tóku til við vinnuna á nýjan leik, af enn meira kappi en fyrr. Þegar Mörður ítrekaði beiðni sína féllust þeir loks á að stoppa aðeins en höfnuðu því alfarið að yfirgefa vinnustaðinn, enda sögðust þeir þess fullvissir að hópur atvinnulausra lögfræðinga myndi biða við hurðina og vera búinn að leysa þá af hólmi fyrr en varði.

Mörður varð allt að því klökkur að heyra viðbrögðin og kynnast þessu vinnusiðferði á tímum þegar samfélagið var að drukkna í kröfum um nútímalega stjórnunarhætti; styttri vinnuvika, meiri fríðindi, lengri frí, bannað að reka konur á barneignaraldri, má ekki ætlast til þess að unnið sé fram á kvöld og um helgar. Hann hugleiddi jafnvel að dusta rykið af aðildinni í Vinnuveitendasambandinu – hér var hann kominn með lögfræðilega vinnumenn sem víluðu ekkert fyrir sér og myndu fórna sér vinnuveitandann.

Þessi sælúvima Marðar var skyndilega rofin þegar bankað var harkalega að dyrum hjá honum og hurðinni hrundið upp með hveli. Í dyrunum stóð hópur lögreglumanna og tilkynnti einn þeirra Merði að lögreglan væri mætt ásamt mansalsteymi sínu og sérsveit ASÍ. Hann væri grunaður um stórfellda vinnubrækkun og að greiða laun langt undir kjarasamningum. Þrátt fyrir mótbárur fulltrúanna, sem hentu sér fram fyrir yfirmann sinn og hófu langt mál um að hann væri einn sá besti yfirmaður sem hægt væri að hugsa sér, var ekki hægt að koma neinu viti fyrir þessa menn og linnti ekki látunum fyrr en Mörður var fluttur út í járnum, færður fyrir dómara og sendur rակleitt í gæsluvarðhald þar sem hann mátti dúsa í fimm sólarhringa.

Honum til mikils léttis þegar þrisundinni lauk þá virtist málið ekki hafa vakið mikla athygli, enda orðið nokkuð algengt að lögmenn væru settir í gæsluvarðhald og ekki tiltökumál sem slíkt. Með samblöndu af samningatækni og lagaflækjum tókst Merði að sleppa með samkomulag við mansalsteymið um að honum yrði ekki gerð refsing en hann yrði þó að greiða fulltrúunum laun, bæði fyrir lögfræðistörf og það sem honum þótti öllu verra, fyrir nudd og eldamennsku á yfirvinnutaxta. Allraverst var þó endapunkturinn í samkomulaginu – að Mörður samþykkti að sækja 40 klukkustunda námskeið hjá Félagi mannaússtjóra og nútímastjórnenda um mikilvægi þjónandi forystu og þess að starfsfólki líði vel í vinnunni.

Lærir svo lengi sem lifir.

# Búðu þig undir spennandi framtíð

Ferðin frá hugmynd að farsælu fyrirtæki með skýra framtíðarsýn kallar á öflugan samstarfsaðila.

Kynntu þér þjónustu okkar á [arionbanki.is/fyrirtaeki](http://arionbanki.is/fyrirtaeki)

Fyrirtækjþjónusta Arion banka



## 2016

Nú erum við aftur á barmi nýrrar byltingar. Við erum mjög bjartsýn á framtíðina.

## 1997

Hugmyndin með *EVE Online* var að búa til geim-tölvuleik sem margir gætu spilað á sama tíma. Þetta var algjör bylting á þeim tíma.



# Jólasnapsmót LMFÍ í innanhússknattspyrnu árið 2015



ÞAÐ VAR BJARTUR og fallegur föstudagur 18. desember 2015 þegar hið árlega Jólasnapsmót LMFÍ í innanhússknattspyrnu fór fram. Að þessu sinni voru skráð til leiks fimm lið sem voru KF Þruman, Cato lögmenn, LOGOS, Lögmenn Árborg og loks Opus lögmenn. Liðin voru mis fjölmenn en átta það þó sameiginlegt

að öll voru þau skipuð karlkyns þátttakendum. Engin kona tók þátt að þessu sinni og lék grunur á að þær vildu frekar sækja Slippbarinn þennan dag.

Sem fyrr var kappið ekki látið bera fegurðina ofurliði. Þannig sáu glæsileg tilþrif hjá hinum vöskum piltum og voru menn almennt á því

að allir hefðu þeir örugglega verið mjög efnilegir hér áður fyrr. Ríkjandi meistarar, Cato lögmenn, hugðust selja sig dýrt. Það sama átti við um Opus lögmenn sem höfðu harma að hefna frá síðasta móti. Hjá LOGOS vantaði tvo máttarstólpa, þá Erlend Gíslason og Benedikt Árnason. Grunur lék á að þeir hefðu farið á Slippbarinn. Önnur lið voru meira með til þess að gleðja félagsmenn og áhorfendur.

Leiknar voru tvær umferðir en liðin fóru misjafnlega af stað. Það kom fljótlega í ljós að Opus lögmenn ætluðu að leggja allt í sölurnar. Þannig var liðið með fullt hús stiga eftir fyrri umferð, eða 12 stig samtals. Í 2.-3. sæti eftir fyrstu umferð voru Cato lögmenn og KF Þruman með 5 stig hvort. Í seinni umferð hertu Opus menn tókin og höfðu að þessu sinni mikla yfirburði, unnu sjö leiki og gerðu eitt jafntefli. Lögmenn Árborg sýndu góða takta í seinni umferð og höluðu inn verðskulduð stig. Þá gáfust Cato menn ekki upp og áttu feikilega góðan endasprett sem dugði þó ekki til þar sem yfirburðir Opus voru miklir. LOGOS náði því takmarki að vera fyrir ofan faliðaða KF Þrumu sem að þessu sinni rak lestina.

Úrslitin urðu því sem hér segir:

1. sæti með 22 stig, Opus lögmenn.
2. sæti með 15 stig, Cato lögmenn.
3. sæti með 7 stig, Lögmenn Árborg.

Það var samdóma álit þeirra sem tóku þátt að leikmenn hefðu almennt



sýnt af sér þrúðmannlegan leik. Þá sáu góðir dómara til þess að leikirnir fóru í alla staði vel fram. Að leik loknum mætti framkvæmdastjóri félagsins færandi hendi með verðlaunapeninga,

snaps og bjór. Var að venju gerður góður rómur af þeirri heimsókn. Bikarinn fór síðan á loft og þreyttir en kátir piltar yfirgáfu svo Framheimilið á leið í langt og gott jólafrí.

*Nefndin.*

## Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

*Ása – þýðinga og túlkunar slf:*

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Daniel D. Teague, skjalapýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

*Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is*



# Ólögsmætar símhlustanir og bannregla leidd fram með gagnályktun

- skiptar skoðanir um dóm Hæstaréttar í markaðsmisnotkunarmáli Landsbankans



ÞAÐ BRÝTUR GEGN rétti sakborninga til réttlátrar málsmeðferðar þegar lögregla hlustar á síma þeirra skömmu eftir að þeir hafa gefið skýrslu þar sem þeir hafa réttarstöðu sakborninga og því óskyldt að svara spurningum um meinta refsiverða hegðun, jafnvel þótt hlustað sé á grundvelli dómsúrskurðar. Þessu sló Hæstiréttur föstu í dómi sínum í máli nr. 842/2014, er kveðinn var upp 4. febrúar síðastliðinn, í máli er varðaði markaðsmisnotkun tilgreindra starfsmanna Landsbankans í aðdraganda fjármálahrunsins. Fjórir ákærðu voru allir sakfelldir í Hæstarétti og höfðu brot gegn rétti þeirra til réttlátrar málsmeðferðar engin sýnileg áhrif í málinu.

Framangreindur dómur Hæstaréttar var til umræðu á þéttsetnum hádegisverðarfundum Lögfræðingafélagsins er haldinn var á Nauthóli þriðjudaginn 1. mars síðastliðinn. Frummælendur á fundinum voru þau Björn Þorvaldsson, saksóknari hjá embætti sérstaks saksóknara, og Helga Melkorka Óttarsdóttir, hrl. hjá LOGOS lögmannsþjónustu. Fundarstýra var Þóra Hallgrímsdóttir, sérfræðingur hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík. Skemmst er frá því að segja að frummælendur og fundarmenn höfðu ólíkar meiningar um þýðingu dómsins og aðferðarfræði Hæstaréttar.

## Forsendur Hæstaréttar um hlustanir óljósar að mati saksóknara

Björn Þorvaldsson tók fyrstur til máls og hafði framsögu um dóminn. Hann hljóp í skarðið í forföllum Arnþrúðar Þórarinsdóttur kollega síns. Björn hóf mál sitt á að segja stuttlega frá aðdraganda málsins. Dómurinn varðaði fyrsta kafla ákæru gegn sakborningum og meinta markaðsmisnotkun þeirra í störfum þeirra fyrir Landbankann á 11 mánaða tímabili frá nóvember 2007 til

október 2008. Var meginákæruefnið að sakborningar hefðu með umfangsmiklum kaupum á eigin bréfum bankans á þessu tímabili komið í veg fyrir eða tafið fyrir lækkun á verði á hlutabréfum Landsbankans.

Eftir að hafa rakið stuttlega atvik málsins gerði Björn forsendur Hæstaréttar um símhlustanir að umfjöllunarefni sínu. Minntist hann sérstaklega á að Hæstiréttur hefði látið liggja á milli hluta þó að fram hefði komið í málinu að hlustað hefði verið á símtöl sakborninga við verjendur

sína, enda hefðu þau símtöl ekki verið á meðal gagna málsins. Hann sá þó ástæðu til að áréttast að við framkvæmd símhlustana væri ekki hægt að haga málum öðru vísi; það væri hlustað þar til í ljós kæmi að um væri að ræða verjanda, og þá væri hætt að hlusta. Hins vegar hefðu verið gerð þau mistök í þessu máli að láðst hefði að eyða þessum símtölum þegar í stað.

Þessu næst vék Björn að forsendum Hæstaréttar um að það bryti gegn rétti sakborninga til réttlátrar málsmeðferðar þegar hlustað væri á síma



Oddur Ástráðsson.

þeirra eftir skýrslutöku þar sem þeim var óskýlt að svara spurningu, og sagði: „Fram að þessu hefur þessari aðferð verið beitt, að menn eru hlustaðir eftir skýrslutöku hjá lögreglu, bæði í fikniefnalagabrotum og í öðrum brotum, og það hefur ekki verið gagnrýnt sérstaklega áður. En Hæstiréttur kemst þarna að þessari niðurstöðu og það verður auðvitað að virða hana. Vandamálið eftir þessa niðurstöðu er bara að við vitum ekki nákvæmlega hvað þetta þýðir. Hæstiréttur segir bara að ef þetta er gert skömmu eftir að þeir hafa gefið skýrslu hjá lögreglu að þá megi ekki leggja slíkt fram. Hvað þýðir þetta skömmu eftir?“

Niðurstaða Björns að þessum vangaveltum sögðum var þó að sennilega væri það meginreglan sem réði og að ekki skipti endilega máli hvenær hlustað væri á sakborninga eftir að þeir hefðu hlotið þá réttarstöðu. Hins vegar væri orðalag Hæstaréttar opið til túlkunar og hugsanlega rétt að láta reyna á það síðar hvað nákvæmlega væri átt við – hvort að t.a.m. mætti hlusta nokkrum dögum eftir skýrslutöku.

## Meiri áhersla á leynd heldur en að upplýsa markaðinn

Lögreglurannsókn á markaðsmisnotkun í starfsemi Landsbankans hófst að framkominni kæru frá Fjármálaeftirlitinu. Í þeirri kæru var þó töluvert lengra tímabil undir, eða frá árinu 2003. Að sögn Björns var þó ákveðið að ákæra aðeins fyrir síðustu 11 mánuðina fyrir hrún enda



Helga Melkorka Óttarsdóttir.

hafi háttsemin þá orðið allt önnur og alvarlegri. „Þegar litið er til niðurstöðu Hæstaréttar hefði nú sennilega mátt fara mikið lengra aftur í tímann þar sem að Hæstiréttur virðist líta svo á að háttsemin hafi hafist allnokkru fyrr,“ sagði Björn. Það sem þó hafi einnig mælt gegn því að ákæra fyrir lengra tímabil var að eftir því sem háttsemin sem ákært er fyrir nær yfir lengra tímabil því þyngri verða mál í saksókn. Sem dæmi tók Björn að í markaðsmisnotkunarmáli Kaupþings hafi aðalmeðferð í héraði tekið fimm vikur. „Þá var farið að rífa vel í hjá öllum“, sagði Björn.

Þessu næst vék Björn að heimfærslu Hæstaréttar á atvikum máls undir þau ákvæði laga um verðbréfavíðskipti er banna markaðsmisnotkun. Útlistaði hann nokkuð nákvæmlega hvernig Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að með því að láta Landsbankann eignast bréf í sjálfum sér í svokölluðum „sjálfvirkum pörunarvíðskiptum“ í kauphöll, og ná svo að selja þau aftur í utanþingsvíðskiptum þannig að það var í raun ekki framboð og eftirspurn með bréfin sem hafi ráðið verðmyndun á markaði, hafi hinir ákærðu starfsmenn bankans gerst sekir um markaðsmisnotkun. Einnig hafi markaðsáhættan af verðfalli bréfanna eftir sölu þeirra eftir sem áður hvílt á bankanum sem fjármagnaði sjálfur kaup þeirra sem seljandi í utanþingsvíðskiptunum.

Björn rakti hvernig Hæstiréttur hafi gert töluvert með það í sínum forsendum hvernig áhersla hafi verið lögð á að forðast flöggun um víðskipti bankans með eigin bréf. „Það var meiri



Björn Porvaldsson.

áhersla á leynd heldur en að upplýsa markaðinn,“ sagði Björn.

## Fjármálafyrirtæki óheimilt að vera víðskiptavaki með eigin hluti

Annað atriði sem mikið var fjallað um í málinu var svokölluð „víðskiptavakt“. Meðal þess sem vörn ákærðu byggðist á var að bankinn hafi stundað óformlega víðskiptavakt með eigin hlutabréf, þ.e. til að mynda markað með bréfin. Björn rakti hvernig Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að það gæti einfaldlega ekki verið hlutverk útgefanda hlutabréfa að vera víðskiptavakar og mynda markað með eigin hlutabréf. „Hæstiréttur gagnályktar frá ákvæði 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti á þá leið að fjármálafyrirtæki sem annast verðbréfavíðskipti sé óheimilt að takast á hendur víðskiptavakt með eigin bréf,“ sagði Björn.

Skýringar ákærðu fyrir dómi hafi verið að bankinn hefði einfaldlega séð kaupþækifæri og nýtt þau. Hæstiréttur vísaði þessum skýringum á bug með þeim rökum að háttsemin hafi einfaldlega verið í grunninn ólögsmæt þar sem bankinn hafi ekki mátt vera víðskiptavaki í víðskiptum með eigin bréf.

## Tjónið ekki metið til fjár

Að lokum rakti Björn hvernig Hæstiréttur hafi komist að niðurstöðu um refsíábyrgð ákærðu sem ýmist voru beinir þátttakendur í þeim víðskiptum sem ákært var fyrir eða borið ábyrgð á þeim vegna stöðu sinnar. „Við





markaðsmisnotkun hafi verið að ræða, en þetta klárlega vegur töluvert þungt í þeirri niðurstöðu og þeirri röksemdafærslu," sagði Helga Melkorka enn fremur. „Brot á þessari bannreglu, sem leidd er fram með gagnályktun, er svo grundvöllur sakfellingar og refsingar“.

Helga Melkorka taldi umhugsunarvert að þetta væri hluti af heimfærslu og niðurstöðu Hæstaréttar og sagði: „Það er miðað við það í okkar réttarkerfi að refsheimildir séu lögbundnar og við höfum lagt áherslu á að refsheimildir séu lögbundnar. Ef vafi er á því hvort að háttsemi sé refsiverð eða hvort hún fellur undir refsíakvæði ber að skýra þann vafa sakborningi í hag.“

## Ólögmetar hlustanir geti haft áhrif á rannsókn

Helga Melkorka gerði þessu næst að umtalsefni að það kæmi fram í dómnum að símtöl sakborninga við verjendur væru hlustuð og þeim ekki eytt, þrátt fyrir ákvæði sakamála laga um að eyða skuli slíkum upptökum þegar í stað. Þessi símtöl hafi þó ekki verið lögð fram. „Af því að þessar upptökur voru ekki lagðar fram í málinu þá var þetta bara allt í lagi. Það hlýtur að skilja mann eftir með það að það hlýtur að hafa áhrif inn í málið ef að búið er að hlusta einu sinni. Þá mögulega er sá sem er að rannsaka með tiltekin atriði í huga, jafnvel þó að símtalið sé ekki lagt fram í málinu,“ sagði Helga Melkorka.

Hins vegar hafi símtöl sem sakborningar áttu við aðra en verjendur, skömmu eftir skýrslutöku, verið meðal gagna málsins og Hæstiréttur gert við

ákvörðun refsingar kemur skýrt fram að Hæstiréttur lítur háttsemina alvarlegum augum. Vísað er til þess að brotin hafi verið mjög umfangsmikil, þaulskipulögð og staðið yfir í langan tíma. Rétturinn vísar til þess að brotin hafi leitt til alvarlegrar röskunar á verðbréfamarkaði með víðtækum afleiðingum fyrir fjármálamarkaðinn hér á landi og allan almenning. Tjónið, sem af brotnum hlaut, telur Hæstiréttur ekki verða metið til fjár.“

## Hæstiréttur leiðir fram bannreglu með gagnályktun

Helga Melkorka Óttarsdóttir fór þá leið að ræða þau atriði sem hún sagðist staldra við við lestur dómsins, án þess þó að sögn að ætla sér að draga af

þeim sérstakar ályktanir um hvað væri í sjálfu sér rétt eða rangt í málinu.

Það fyrsta sem Helga Melkorka sá ástæðu til að ræða var að í málinu sá Hæstiréttur ástæðu til að túlka ákvæði verðbréfavíðskiptalaga um markaðsmisnotkun með gagnályktun þannig að fjármálafyrirtækjum væri óheimilt að greiða fyrir viðskiptum á skipulögðum verðbréfamarkaði með bréf í sjálfum sér í því skyni að markaður skapaðist. „Það er ekkert ákvæði í lögnum sem segir að það sé óheimilt fyrir fjármálafyrirtæki að vera sjálft viðskiptavaki með eigin bréf en Hæstiréttur gagnályktar og segir að það sé óheimilt“, sagði Helga Melkorka.

„Þetta er ekki eina atriðið sem ræður þeirri niðurstöðu að um



FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

**Litlaprent**

Stórt verk lítið mál



Flestar gerðir límmiða



# MEISTARANÁM Í LÖGFRÆÐI

## Yfirlit yfir kjörgreinar 2016-2018

### Haustönn 2016

#### Kjörgreinar á íslensku

Alþjóðleg áhrif í íslenskum rétti

Barnaréttur

Bótaréttur

Fjölmíðlaréttur

Fullnusturéttafar

Gagnaöflun og málf lutningur í einkamálum

Höfundaréttur í upplýsingasamfélagi

Mannréttindi og refsivörslukerfið

Málstofa í stjórnskipunarrétti og stjórnskipunarsögu

Réttarsaga

Samkeppnisölg í framkvæmd - raunhæft úrlausnarefni

Stjórnhættir hlutafélaga

Utánríkisþjónustan

#### Kennarar

Gunnar Þór Pétursson, Ragnhildur Helgadóttir og Þórdís Ingadóttir

Dögg Pálsdóttir

Póra Hallgrímsdóttir

Páll Þórhallsson

Eiríkur Elís Þorláksson

Sigurður Tómas Magnússon og María Ellingsen

Ragnar Jónasson

Ragna Bjarnadóttir

Ragnhildur Helgadóttir og fleiri

Magnús K. Hannesson

Jóna Björk Helgadóttir

Jóhannes Rúnar Jóhannsson

Sverrir Haukur Gunnlaugsson

### Haustönn 2017

#### Kjörgreinar á íslensku

Afbrotfræði

Alþjóðleg lausafjárkaup

Alþjóðlegur skattaréttur II

EES-samningurinn: Uptaka og innleiðing

Endurskoðun og eftirfylgni stjórnvaldsákvæðana

Fasteignakauparéttur

Flóttamannaréttur

Fullnusturéttafar

Hagnýting auðlinda: Frá hugmynd til framkvæmdar

Hjúskapar- og sambúðaréttur

Lagasetning

Líkamstjónaréttur

Sjó- og flutningaréttur

#### Kennarar

Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Þórður S. Gunnarsson

Páll Jóhannesson

Margrét Einarsdóttir og Lilja Ólafsdóttir

Margrét V. Kristjánsdóttir og fleiri

Ívar Pálsson

Katrín Oddsdóttir

Eiríkur Elís Þorláksson

Kristín Haraldsdóttir og Elin Smáradóttir

Dögg Pálsdóttir

Páll Þórhallsson

Guðmundur Sigurðsson, Póra Hallgrímsdóttir og Jóna Benný Kristjánsdóttir

Guðmundur Sigurðsson og Einar Baldvin Axelsson

#### Kjörgreinar á ensku

EEA Law Moot Court Competition

International and European Energy Law - Icelandic Energy Law

International Protection of Human Rights

Legal English

Refugee Law

The Law of the World Trade Organization

The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition I

#### Kennarar

Gunnar Þór Pétursson

Fanney Rós Þorsteinsdóttir og Eduardo Pereira

David Þór Björgvinsson

Erlendína Kristjánsson

Katrín Oddsdóttir

Þórdís Ingadóttir og James Mathis

Þórdís Ingadóttir

#### Kjörgreinar á ensku

European Convention on Human Rights

International and European Energy Law - Icelandic Energy Law

International Standards of Investment Protection

Legal English

The International Law of the Sea

Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot I

#### Kennarar

Ragna Bjarnadóttir og David Þór Björgvinsson

Kristín Haraldsdóttir og Eduardo Pereira

Finnur Magnússon

Erlendína Kristjánsson

Bjarni Már Magnússon

Garðar Víðir Gunnarsson

### Vorönn 2017

#### Kjörgreinar á íslensku

Alþjóðleg gjaldþrotaskipti

Alþjóðlegur skattaréttur I

Einkaréttarleg úrræði vegna samkeppnislagabrota innan samkeppnisréttar

Hagnýtur samningaréttur

Heilbrigðisréttur

Málsmeðferð, réttindi málsaðila og stjórnýsla í samkeppnismálum: Raunhæf álitafæni og verkefni Persónuupplýsingaréttur

Samningatækni

Skuldaskilaréttur

Sókn og vörn í sakamálum

Starfsmannaréttur

Stjórnýsluréttur – Verkefni stjórnvalda, valdmörk og fleira

Sveitastjórnaréttur

Umhverfisréttur

Úrlausn ágreiningsmála

Vátryggingaréttur

#### Kennarar

Eiríkur Elís Þorláksson

Páll Jóhannesson

Heimir Örn Herbertsson

Þórunn Helga Þórðardóttir

Dögg Pálsdóttir

Heimir Örn Herbertsson

Vigdís Eva Líndal

Kristján Vigfússon

Eiríkur Elís Þorláksson

Björn L. Bergsson og Karólína Finnbjörnsdóttir

Elin Blöndal

Margrét V. Kristjánsdóttir

Sesselja Erla Árnadóttir

Sigrún Ágústsdóttir og fleiri

Arnar Þór Jónsson og fleiri

Póra Hallgrímsdóttir

#### Kjörgreinar á ensku

European Company Law

European Law: Internal Market

European Law: State Aid and Competition

International Courts and Dispute Settlements

International Law and the Arctic

Seminar on Intellectual Property Rights in International Commerce; IP Agreements

The Phillip C. Jessup Int. Law Moot Court Competition II

#### Kennarar

Hallgrímur Ásgeirsson

Gunnar Þór Pétursson

Tilkynnt síðar

Þórdís Ingadóttir

Bjarni Már Magnússon

Hafliði K. Lárusson

Þórdís Ingadóttir

### Vorönn 2018

#### Kjörgreinar á íslensku

Almannatryggingaréttur

Alþjóðlegur einkamálaréttur

Auðgunar- og efnahagsbrot

Gagnaöflun og málf lutningur í einkamálum

Hagnýtur samningaréttur

Kaup á fyrirtækjum/samruni - áreiðanleikakannanir

Málstofa í þjóðarétti

Neytendaréttur

Réttarsálfræði

Samningatækni

Siðfræði fyrir lögfræðinga

Skipulagðir glæpir, ofbeldis- og fikniefnabrot

Skuldaskilaréttur

Starfsemi lífeyrissjóða

Stjórnýsluréttur II

Vertaka- og iðboðsréttur

Vinnuréttur

#### Kennarar

Guðmundur Sigurðsson, Jóna Benný Kristjánsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir

Eiríkur Elís Þorláksson

Sigurður Tómas Magnússon og Björn Þorvaldsson

Sigurður Tómas Magnússon og María Ellingsen

Þórunn Helga Þórðardóttir

Ólafur F. Haraldsson, Garðar G. Gíslason og Kristín Edwald

Þórdís Ingadóttir

Áslaug Árnadóttir og Þórunn Anna Árnadóttir

Jón F. Sigurðsson, Anna K. Newton og Gísli Guðjónsson

Kristján Vigfússon

Arnar Þór Jónsson

Svala Ísfeld Ólafsdóttir og Stefán Eiríksson

Eiríkur Elís Þorláksson

Tómas Njáll Möller

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Erlendur Gíslason, Jón E. Malmquist og Sigurður Snædal Júlíusson

Bergþóra Ingólfssdóttir

#### Kjörgreinar á ensku

European Company Law

European Law: Internal Market

European Law: State Aid and Competition

International Courts and Dispute Settlements

International Law and the Arctic

Seminar on Intellectual Property Rights in International Commerce; IP Agreements

The Phillip C. Jessup Int. Law Moot Court Competition II

#### Kennarar

Hallgrímur Ásgeirsson

Gunnar Þór Pétursson

Tilkynnt síðar

Þórdís Ingadóttir

Bjarni Már Magnússon

Hafliði K. Lárusson

Þórdís Ingadóttir

#### Kjörgreinar á ensku

EU Constitutional Law

European Law: Financial Services

International Oil and Gas Law

Law and Economics in Competition Law Procedure – theoretical and practical issues and perspectives.

Trade Mark Law

Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot II

#### Kennarar

Gunnar Þór Pétursson

Hallgrímur Ásgeirsson

Eduardo Pereira

Heimir Örn Herbertsson

Ásdís Magnúsdóttir

Garðar Víðir Gunnarsson



Það athugasemdir. „Er með þessu hægt að segja að það sé orðið viðurkennt að eftir skýrslur eru teknar af mönnum, hvort sem er eftir handtöku eða í gæsluvarðhaldi eða hvað að þá megi ekki hlera síma sakbornings?“

Þá spurði Helga Melkorka þeirrar spurningar hvort að það sé þannig að eins lengi og ekki er sýnt fram á bein áhrif brota af því tagi sem rannsakendur urðu uppvísir að í þessu máli, og að brotin séu réttindi sakborninga, þá skipti þau ekki máli að öðru leyti. „Þarna hefði verið ágætt ef að Hæstiréttur hefði farið aðeins lengra í því að útlista hvaða áhrif þetta hefur allt saman. Til hvers eru reglurnar um símhlustanir yfir höfuð?“ spurði Helga Melkorka.

## Hugleiðingar um stöðuna í hrunsmálum

Helga Melkorka velti því að lokum fyrir sér hvort að vægari sönnunarkröfur væru gerðar í hinum svokölluðu hrunsmálum en annars giltu í sakamálum. Einnig hvort að óskýrar reglur, bæði skráðar og óskráðar, geti orðið grundvöllur sakfellingar. Þá sagði hún einnig vekja athygli að langur málsmeðferðartími hefði engin áhrif til að mynda til mildunar á refsingu.

## Fundarmönnum nokkuð niðri fyrir

Að loknum framsöguerindum Björns og Helgu Melkorku gafst fundarmönnum kostur á að koma sínum

spurningum og hugleiðingum á framfæri. Kristján Gunnar Valdimarsson hdl. gerði meðal annars að umtalsefni hvort að ákærðu hefðu ef til vill verið sakfelldir fyrir annað en ákært var fyrir. Helgi Sigurðsson hrl., sem var meðal verjanda í málinu, sagði að lengi hefði viðgengist athugasemdalaust að útgefendur fjármálagerninga væru sjálfir viðskiptavakar á markaði og að gagnályktun Hæstaréttar væri því ótæk. Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. og fyrrverandi hæstaréttardómari fjallaði um að vafi um skýringu refsíákvæða ætti að skýrast sakborningi í hag.

*Oddur Ástráðsson lögfræðingur.*



## BREYTINGAR Á FÉLAGATALI

### NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FÜRIR HÆSTARÉTTI

#### Ásgerður Ragnarsdóttir hrl.

LEX lögmannsstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 590-2600

#### Unnar Steinn Bjarmdal hrl.

Lögfræðistofa Suðurnesja  
Hafnargötu 51-55  
230 Reykjanesbæ  
Sími: 420-4040

### NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FÜRIR HÉRAÐSDÓMI

#### Halldór Kr. Þorsteinsson hdl.

Lögmenn Laugavegi 3  
101 Reykjavík  
Sími: 520-1050

#### Unnur Ásta

#### Bergsteinsdóttir hdl.

Lögmenn Höfðabakka  
Höfðabakki 9  
110 Reykjavík  
Sími: 587-1286

#### Sigurlaug Helga Pétursdóttir hdl.

Reitir fasteignafélag  
Kringlunni 4-12  
103 Reykjavík  
Sími: 575-9026

#### Heiða Björk Vignisdóttir hdl.

Lögmannsstofa Jóhönnu  
Sigurjónsdóttur  
Suðurlandsbraut 30, 3. hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 527-2200

#### Nína Guðrún

#### Sigurðardóttir hdl.

Landslög  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 520-2900

#### Guðrún Lilja

#### Sigurðardóttir hdl.

Lex lögmannsstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 590-2600

#### Sara Pálsdóttir hdl.

Lausnir lögmannsstofa  
Suðurlandsbraut 52  
108 Reykjavík  
Sími: 563-1800

#### Oddur Þórir Þórarinnsson hdl.

JP lögmenn  
Höfðatorgi  
105 Reykjavík  
Sími: 588-5200

#### Betzý Ósk Hilmarsdóttir hdl.

Lögskil ehf.  
Suðurlandsbraut 48  
108 Reykjavík  
Sími: 568-4660

#### Andri Valur Ívarsson hdl.

FFSS – stétt.is  
Borgartúni 6  
105 Reykjavík  
Sími: 595-5168

#### Runólfur Vigfússon hdl.

PricewaterhouseCoopers ehf.  
Skógarhlíð 12  
105 Reykjavík  
Sími: 840-5352

#### Einar Brynjarsson hdl.

Fjeldsted & Blöndal  
Suðurlandsbraut 18  
105 Reykjavík  
Sími: 414-3051

#### Arna Sigurjónsdóttir hdl.

Lögmenn Bárugötu 4  
Bárugötu 4  
101 Reykjavík  
Sími: 578-0080

#### Bryndís Héðinsdóttir hdl.

Húseigendafélagið  
Síðumúla 29  
105 Reykjavík  
Sími: 588-9567

#### Sif Steingrímsdóttir hdl.

Draupnir lögmannsþjónusta  
Laugavegi 182  
105 Reykjavík  
Sími: 415-0150

#### Aníta Óðinsdóttir hdl.

Bonafide lögmenn  
Vesturvegi 10  
900 Vestmanneyjar  
Sími: 533-5577

#### Ingólfur Vignir

#### Guðmundsson hdl.

Lögfræðipjónusta Sigurðar  
Sigurjónssonar  
Sigtúni 42  
105 Reykjavík  
Sími: 578-7806

#### Freyr Snæbjörnsson hdl.

LOGOS lögmannsstofa  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

**CATO**  
L Ö G M E N N



**Ágúst Bragi Björnsson hdl.**  
LOGOS lögmannsþjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

**Hlynur Ólafsson hdl.**  
LOGOS lögmannsþjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

**Katla Lovísa Gunnarsdóttir hdl.**  
LOGOS lögmannsþjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

**Jóhann Fannar Guðjónsson hdl.**  
Veritas lögmennt  
Borgartúni 28, 3. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 571-5040

**Margrét Ása Eðvarðsdóttir hdl.**  
Íslandsbanki  
Suðurlandsbraut 14  
108 Reykjavík  
Sími: 440-4800

**Aðalsteinn Sigurðsson hdl.**  
Lögmennt Laugardal  
Sundagörðum 2  
105 Reykjavík  
Sími: 533-4850

ENDURÚTGEFING  
LÖGMANNSRÉTTINDI

**Ragna Björk Ragnarsdóttir hdl.**  
Arion banki  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-7000

**Rakel Guðmundsdóttir hdl.**  
Austurstræti 17  
101 Reykjavík  
Sími: 821-6372

**Björg Rúnarsdóttir hdl.**  
Kríunesi 10  
210 Garðabæ  
Sími: 516-4000

**Sigrúður Porfinnsdóttir hdl.**  
**Hraunbæ 45**  
110 Reykjavík  
Sími: 567-2070

**Ásta Kristjánsdóttir hdl.**  
Lögmennt Bárugötu  
Bárugötu 4  
101 Reykjavík  
Sími: 578-0080

**Lárus Sigurður Lárusson hdl.**  
Lögmennt Sundagörðum  
Sundagörðum 2  
104 Reykjavík  
Sími: 527-7788

**Úlfar Freyr Jóhannsson hdl.**  
Hlíðasmára 2, 5. hæð  
201 Kópavogur  
Sími: 692-6906

**Kristján Óðinn Unnarsson hdl.**  
Arnarheiði 19  
810 Hveragerði  
Sími: 847-4675

NÝR VINNUSTADUR

**Sigurður Árnason hdl.**  
Atlas lögmennt  
Hús verslunarinnar, Kringlunni 7  
103 Reykjavík  
Sími: 517-7171

**Sif Konráðsdóttir hrl.**  
Landvernd  
Þórunnartúni 6  
105 Reykjavík  
Sími: 552-5242

**Sigríður Kristinsdóttir hrl.**  
Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirdi  
Sími: 585-5500

**Máni Atlason hdl.**  
Kvika  
Borgartúni 25, 6. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 540-3200

**Bjarki Már Baxter hdl.**  
Wow air  
Katrínartúni 12  
105 Reykjavík  
Sími: 590-3000

**Álfheiður M. Sívertsen hdl.**  
Icelandair  
Reykjavíkurlugvöllur  
101 Reykjavík  
Sími: 505-0100

**Íris Arna Jóhannsdóttir hdl.**  
Virðing hf.  
Borgartúni 29  
105 Reykjavík  
Sími: 585-6500

**Helga Hlín Hákonardóttir hdl.**  
Strategía ehf.  
Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík  
Sími: 662-0100

**Margrét Guðjónsdóttir hdl.**  
MG lögmennt  
Háholti 14  
270 Mosfellsbæ  
Sími: 588-1400

**Axel Ingi Magnússon hdl.**  
Jónatansson & Co.  
Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími: 533-3434

**Ásgerður Þórunn Hannesdóttir hdl.**  
Arion banki  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-6171

**Magnús Hrafn Magnússon hrl.**  
Sigurjónsson & Thor  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík  
Sími: 551-1043

**Páll Ásgeir Davíðsson hdl.**  
Justis lögmannsstofa  
Grettisgötu 6  
101 Reykjavík  
Sími: 842-0222

**Linda Fanney Valgeirsdóttir hdl.**  
Arion banki  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-7000

**Ardís Sveinbjörnsdóttir hdl.**  
Lögheimtan ehf.  
Laugavegi 99  
101 Reykjavík  
Sími: 440-7000

NÝTT AÐSETUR

**Gylfi Jens Gylfason hdl.**  
LGG ehf.  
Síðumúla 13  
108 Reykjavík  
Sími: 577-5500

**Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.**  
Logia ehf.  
Lágmúli 7  
108 Reykjavík  
Sími: 516-4000

**Unnsteinn Örn Elvarsson hdl.**  
De Facto ehf.  
Suðurlandsbraut 30 (3. hæð t.v.)  
108 Reykjavík  
Sími: 517-3344

**Jóhanna Sigurjónsdóttir hdl.**  
Lögmannsstofa Jóhönnu  
Sigurjónsdóttur ehf.  
Suðurlandsbraut 30, 3. hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 527-2200


**Jón M. Bergsson hdl.**  
Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík  
Sími: 777-1215

**Porbjörn Björnsson hdl.**  
Suðurlandsbraut 30, 3. hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 847-1524

# Lögmannablaðið komið á timarit.is

NÚ ER HÆGT að nálgast öll tölublöð Lögmannablaðsins á vefnum [www.timarit.is](http://www.timarit.is). Lögmannablaðið er þar með orðið eitt af 999 titlum sem Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn veitir aðgang að á vefnum. Þess má geta að þeir sem nýta sér innskráningu inn á heimasíðuna geta

nýtt sér vinnuvæði sem gerir þeim kleift að vista þær síður sem þeir vilja nálgast aftur síðar. Auk Lögmannablaðsins er Tímarit lögfræðinga frá upphafi og til ársloka 2004 aðgengilegt á [timarit.is](http://timarit.is).



# VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA  
SUDURLANDSBRAUT 4A  
108 REYKJAVÍK  
[www.tcm.is](http://www.tcm.is)